

skip líka samkvæmt Osló-samþykktinni og færa brúttórúmlestatölu samkvæmt þeirri samþykkt inn á Þjóðernisskírteini, öryggisskírteini og/eða haffærissskírteini skipa þar til öðruvísi verður ákvæðið af ráðherra þeim, sem fer með siglingamál, að fengnum tillögum siglingamálastjórna. Núgildandi ákvæði um búnað skipa og aðrar íslenskar reglur, sem miðast við rúmlestatölu skipa, skulu áfram miðast við brúttórúmlestir samkvæmt Osló-samþykktinni, nema annars sé getið í reglum.

Um mælingu skipa, sem alþjóðasamþykktir ná ekki til, setur ráðherra reglur að fengnum tillögum siglingamálastjóra.

Ráðherra getur undanþegið skip mælingu eftir tillögum siglingamálastjóra ef sérstaklega stendur á.

2. gr.

13. grein laganna orðist þannig:

Skip, sem mælt hefur verið samkvæmt alþjóðasamþykktinni um mælingu skipa (24 metrar eða lengri), skal fá alþjóðlegt mælibréf (International Tonnage Certificate) og skal texti þess vera bæði á íslensku og ensku.

Skip undir 24 metrum að lengd, sem mælt hefur verið samkvæmt reglum sem ráðherra hefur sett samkvæmt 2. grein laganna, skal fá íslenskt mælibréf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina
Þjóðólfs-haga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilit að selja Stefáni Jónssyni, nnr. 8350-8663, jörðina Þjóðólfs-haga I í Holtahreppi, Rangárvallasýslu.

Við sölu jarðarinnar skal fylgt ákvæðum 3.—5. mgr. 29. gr. jarðalaga, nr. 65 31. maí 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.